

að það hafi einhver áhrif á líf vort hér inni í meginlandi Norður-Ameríku. Svona getum vér prófað hverja einustu skoðun, sem vér höfum; og altaf munum vér komast að sömu niðurstöðunni, nefnilega að ef skoðunin hefir enga lifandi þýðingu fyrir oss þá megum vér alveg eins vel vera án hennar. Öll reynsla sannar þetta. Menn hætta ekki við að hafa einhverja skoðun vegna þess, að þeim sé alt í einu sannað að hún sé röng, en einhver önnur skoðun rétt, á sama hátt og efnafræðingarnir sanna oss að einhver hlutur samanstandi af vissum frumefnum, með því að leysa hann upp, og sýna oss hvert frumefni útaf fyrir sig, heldur vegna hins, að hún hefir einhverra orsaka vegna hætt að hafa það gildi fyrir líf þeirra og tilveru, sem hún áður hafði. Pragmatistarnir halda því fram að hver sú skoðun, sem er fundin léttvæg frá þessu mannlega, praktiska sjónarmiði, sé gagnslaus, sé ekki þess virði að nokkur maður hafi hana.

Hér er það sem fylgjendur pragmatismans og rationalismans aðallega greinir á. Pragmatistinn segir að margar af hugmyndum þeim, sem rationalistarnir halda fram sem óbyggjandi sannleika, skorti alt gildi, og þá líka sannleiksgildi vegna þess að þær standi ekki í neinu sambandi við hið verulega mannlíf, séu svo fjarlægjar allri verulegri reynslu, þær geti engar afleiðingar haft í för með sér. Þannig segja þeir t. d. að margar af hinum afdregnu skoðunum rationalistanna á eðli tilverunnar séu svo langt fyrir ofan þann heim, sem vér lifum í, að þær skorti alt verulegt gildi fyrir andlegt líf manna yfir höfuð að tala. Tökum t. d. tvær skoðanir á eðli alheimsins, sem heimspekingarnir hafa deilt um frá fyrstu tímum, þá skoðun að allir hlutir séu undir niðri eitt og hið sama (monism), og þá skoðun, að þeir séu ekki allir hið sama heldur mismunandi eðlis (pluralism). Frá pragmatisku sjónarmiði er tilgangslaut að deila um þessar skoðanir, því það, sem vér í raun og veru vitum um hlutina er það, að þeir eru mjög mismunandi eðlis en eru þrátt fyrir það samansafnaðir í eina heild. Báðar skoðanirnar eru því sannar, en hvor frá sínu sjónarmiði. Fráskilin virkileikanum hefir hvorug skoðanin þýðingu, því um leið og þær eru fráskildar virkileikanum eru þær orðnar að skuggum, sem hafa enga